

3. fundur vinnuhóps um Atvinnumálastefnu Uppsveitanna haldinn í Aratungu 24.01. 2022 kl. 16:30-18:30

Mættir voru: Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviði SASS, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Arnessýslu og 6 fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra

Bláskógabyggð

Steindóra Þorleifsdóttir formaður atvinnu- og ferðamálanefndar

Sölvi Arnarson

Hrunamannahreppur

Herbert Hauksson formaður atvinnu- og ferðamálanefndar

Nina Faryna

Grímsnes- og Grafningshreppur

Anna Katarzyna Woznicka formaður atvinnu- og menningarnefndar

Anna María Daníelsdóttir

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson forfallaðist

(Árni Már Einarsson, formaður atvinnumálanefndar fjarverandi)

Dagskrá

1. Staða verkefnisins.

Fjallað um þau gögn og upplýsingar sem nú liggja fyrir.

Afrakstur rafrænnar íbúakönnunar liggur fyrir ásamt niðurstöðum frá atvinnumálaþingi.

Töluverður samhljómur er þar á milli. Hrágögn úr íbúakönnun sýndu fram á jákvæðni íbúa gagnvart vinnu við atvinnumálastefnu. Og þar komu fram mörg áhugaverð áhersluatriði.

Áherslur og markmið. Við erum nú stödd þar sem setja þarf niður markmið og áherslur og til þess eru áður nefnd gögn nýtt og höfð að leiðarljósi. Mjög góðar fjölbreyttar og frjóar umræður voru á fundinum og ýmsar hugmyndir ræddar út frá mörgum sjónarhornum. Úrvinnsla gagnanna og umræðurnar á fundinum gátu af sér m.a. eftirfarandi drög að framtíðarsýn, markmiðum og áherslum og voru allir þessir þættir ræddir.

2. Drög! að framtíðarsýn, markmiðum og áherslum

Framtíðarsýn Uppsveita:

- Þekkt sem matarkista Suðurlands
- Eftirsóttur fjölskylduvænn staður til búsetu
- Þar sem orkuframleiðsla knýr fjölbreytt störf framtíðarinnar

Uppsveitir: Þar sem landbúnaður og ferðaþjónusta taka sameiginlega á móti þér!

Markmið: (mælanleg markmið)

- Auka fjölbreytileika starfa
- Fjölga óstaðbundnum störfum
- Auka fullvinnslu og sölu matvæla í héraði
- Að orkan sé í auknum mæli nýtt inn á svæðinu
- Fjölga nýsköpunarverkefnum
- Auka dvalartíma ferðamanna

- Tryggja nægt framboð lóða

Áherslur: (sem styðja við markmiðin)

- Tryggja þátttöku allra í samfélögunum óháð uppruna
- Að uppbygging innviða styðji við þarfir íbúa og fyrirtækja
- Laða að nýja íbúa sem taki þátt í verkefninu með okkur
- Húsnæði fyrir alla
- Listir og menning verði í auknu mæli nýtt til atvinnusköpunar
- Efla og styrkja félagsauð samfélaganna
- Koma upp aðstöðu fyrir óstaðbundin störf dreift um svæðið
- Efla stuðning við frumkvöðla og sprotafyrirtæki, s.s. með aðstöðu, samvinnurýmum, ráðgjöf, styrkjum og með góðu framboði námskeiða
- Efla hvorutveggja uppbyggingu byggðakjarna og búsetu til sveita
- Styðja við núverandi rekstur á svæðinu og möguleika hans til framþróunar
- Að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í atvinnusköpun til framtíðar

3. Næstu skref

Þessi drög eru nú til umhugsunar/umfjöllunar og hægt að breyta og bæta. Næsti fundur hópsins verði haldinn um eða eftir miðjan febrúar og þá hefst vinna við að móta framkvæmdaáætlun/verkefni. Rætt var um hvort og hverjir fleiri þurfi að koma að þeirri vinnu. Nefnd voru í því sambandi atvinnumálanefndir og sveitarstjórnarmenn.

ÁÁ